



Það skilur mig enginn jafn vel og þú

Áætlaður tími fer eftir verkefnum sem gerð eru í kjölfar myndbandsins.

Undirbúningur

- ☐ Opnið myndbandið *Það skilur mig enginn jafn vel og þú* með því að smella hér.
- ☐ Veitið váviðvörðun um að það mun vera fjallað um ofbeldi. Hægt er að fá upplýsingar um slíkt hér á bls. 9.

Hægt er að undirbúa sig fyrir samtöl til dæmis hvernig mætti svara spurningum nemenda um kynlíf og ofbeldi í Erfið spjöll handbókinni.

Hér inni á vef Neyðarlínunnar má finna ýmsar upplýsingar um tælingu sem er gott að kynna sér.

Hugmyndir að verkefnum

Hugmyndir að verkefnum í kjölfar myndbandsins:

- ☐ **Umræður:**
Hægt er að eiga umræðurnar með öllum bekknum í einu eða skipta þeim í minni hópa, láta þau ræða saman og láta þau ræða saman áður en bekkurinn fer yfir hvað rætt var í hópnum.
Umræðuspurningar má finna á næstu síðu.
- ☐ **Sannprófun:**
Nemendur gera dæmi um spurningar sem eru „góðar“ eða „lélegar“ sem hægt er að spyrja til að reyna að komast að því hvort sá sem er bak við skjáinn sé sá sem hann segist vera. Þau gætu gert veggspjald, smárit, myndband o.s.frv.
- ☐ **Vítahrings veggspjald:**
Nemendur teikna upp mynd af „vítahring“ og upplýsingar um hvað það er. Þá skrifa þau í hann dæmigerðar hótanir geranda (t.d. ef þú borgar ekki, þá deili ég myndinni, svo þú borgar, þá segir viðkomandi X”). Á veggspjaldinu ættu þá líka vera upplýsingar um grooming / tælingu.
 - Lausn: Við hliðina á hringnum teikna nemendur „útgönguleiðir“ sem hægt er að grípa til, til dæmis hvern er hægt að tala við, gera „report“ á miðlinum, ræða við lögreglu etc.
- ☐ **Fræðsla um lög:**
Nemendur búa til fræðslu (t.d. veggspjald, smárit, myndband o.s.frv.) þar sem þeir upplýsa aðra nemendur á „mannamáli“ um hvaða lög gilda um kynferðisofbeldi og stafrænt ofbeldi.
Þá ættu þau líka að hafa upplýsingar um hvað er hægt að gera og hvert er hægt að leita ef nemendur verða fyrir slíku.
Lög sem eiga við í Úr Almennum hegningarlögum:
194.gr. og 195.gr., 198. gr., 199. gr., 199. gr. a., 200. gr., 201. gr., 202. gr., 210. gr., 210. gr. a., 228. gr.



- Hafið þið heyrt þetta orð, grooming? (á íslensku tæling)
 - Hægt er að lesa sér til um tælingu hér á vef Neyðarlínunnar:
- Hvernig getur maður nýtt það að prófa sig áfram til að átta sig á eigin mörkum?
- Hvort eyðileggur meira „stemninguna“ - að spyrja eða að gera eitthvað sem hinum líkar svo kannski ekki?
- Hvað segja lögin um tælingu/grooming á Íslandi?
 - **Almenn hegningarlög: 202. gr.**
 - Hver sem með blekkingum, gjöfum eða á annan hátt tælir [barn] 1) [yngra en 18 ára] 2) til samræðis eða annarra kynferðismaka skal sæta fangelsi allt að 4 árum.] 3)
 - [Hver sem með samskiptum á netinu, annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni eða með öðrum hætti mælir sér mót við barn yngra en 15 ára í því skyni að hafa við barnið samræði eða önnur kynferðismök eða til að áreita það kynferðislega á annan hátt skal sæta fangelsi allt að 2 árum.]
- Hvað eru dæmi um grooming?
 - Til dæmis eins og nefnt er í myndbandinu, einhver kynnist þér á samfélagsmiðlum og þykist vera jafnaldra.
- Er hægt að „grooma“/tæla annars staðar en á netinu? Getið þið nefnt dæmi?
 - Fá dæmi frá þeim áður en þú nefnir önnur dæmi, eins og:
 - Eldri einstaklingur, sem er ekki einu sinni að ljúga um aldur, t.d. 20 ára og er að tala við einhvern sem er enn í grunnskóla og „reyna við þau“.
 - Íþróttapjálfari alltaf að hrósa þér rosalega mikið og vill hitta þig í einrúmi og þú segir engum frá því og býrð til ástæður hvers vegna, til dæmis verða hinir unglingarnir afbrýðisamir.
- Hvers vegna eru gerendur oft svona góðir í að mynda nán tengsl?
- Hvað eru algengar setningar sem eru notaðar til að tæla/„grooma“ börn og unglinga?
 - Fá dæmi frá þeim fyrst:
 - „Það skilur mig enginn jafn vel og þú“
 - „Þú ert svo þroskuð/þroskaður/þroskað miðað við aldur“
 - „Það er svo gott að tala við þig“
 - „erum við ekki bestu vinir?“
 - Hvers vegna notar gerandinn setningar eða spurningar eins og nefnt var áðan til að þrýsta á mörk?
- Hvaða leiðir nota þessir einstaklingar til að byggja upp traust? Fá þau til að nefna dæmi fyrst (hér að neðan eru dæmi af vef 112.is):
 - Það gæti verið tæling ef einhver eldri og valdameiri manneskja:
 - Veitir þér mikla athygli og hrós.
 - Deilir með þér dýpstu leyndarmálum sínum.
 - Gefur þér gjafir eða peninga.
 - Bendir á það sem er sameiginlegt með ykkur.
 - Sýnir þér mikla samúð eða samkennd.
 - Segjast hafa tilfinningar gagnvart þér.
 - Spyr þig um persónulegar upplýsingar eins og heimilisfang, í hvaða skóla þú ert eða hvar þú ert oftast.
 - Ýtir á þig eða skipar þér að gera hluti, oft með því að vekja með þér sektarkennd.
 - Vill að þið hittist einsömul án þess að segja neinum, jafnvel á afskekktum stað.



- Hvers vegna eru einstaklingar sem eru félagslega einangraðir oft frekar skotmörk fyrir grooming/tælingu?
- Hvernig er hægt að greina á milli venjulegs vinasambands og mögulegs grooming/tælingar?
- Á hvaða hátt nota gerendur húmor og sameiginleg áhugamál til að brjóta niður varnir ungmenna?
- Hvaða áhrif hefur það þegar gerandi þykist vera á sama aldri og þau?
- Vitið þið hvað rauð flögg eru? Hvað eru dæmi um rauð flögg sem gætu verið í samskiptum?
 - Byrjum á „vægari“ og förum svo upp í öfgafull rauð flögg sem tengjast sjálfsskaða eða skaða gagnvart öðrum.
- Hvers vegna er það rautt flagg ef einstaklingur vill að þú felir spjallið fyrir foreldrum þínum/öðrum? Hvernig getur það gert aðstæður hættulegri?
- Af hverju myndi gerandi nota andlegt ofbeldi, eins og að hótta sjálfsvígi, ef þú hættir að eiga í samskiptum við þau?
- Lögreglan útskýrði í myndbandinu að börn og unglingar gætu lent í vítahring, hvað áttu þau við með því?
- Af hverju er ólíklegt að gerandi hætti að kúga mann þótt maður geri það sem hann biður um?
- Hvers vegna er mikilvægt að „reporta“ skilaboð í stað þess að eyða þeim strax?
- Hvernig getur skömm komið í veg fyrir að ungmenni leiti sér hjálpar?
- Hvað segja lögin um sendingar á óumbeðnum myndum af kynfærum?
 - Almenn hegningarlög, 199. gr.a.
 - Hver sem útbýr, aflar sér eða öðrum, dreifir eða birtir myndefni, texta eða sambærilegt efni, þ.m.t. falsað efni, af nekt eða kynferðislegri háttsemi annars manns án hans samþykkis skal sæta sektum eða fangelsi allt að 4 árum.
 - Sömu refsingu skal sá sæta sem hótar því sem greinir í 1. mgr., enda sé hótunin til þess fallin að vekja hræðslu eða kvíða hjá þeim sem hún beinist að.
 - [210. gr. a.
 - [Hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum, dreifir eða hefur í vörslum sínum myndefni sem sýnir kynferðislega misnotkun á barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt skal sæta sektum eða fangelsi allt að 6 árum. Við mat á grófleika verknaðar skal sérstaklega líta til umfangs brots, hvort það sé framið á kerfisbundinn eða skipulagðan hátt, hvort lífi barns hafi verið stofnað í hættu, hvort barn hafi verið beitt grófu ofbeldi eða hvort barn hafi beðið líkams- eða heilsutjón.
 - Hver sem skoðar myndefni á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni sem sýnir kynferðislega misnotkun á barni eða sýnir barn á kynferðislegan hátt skal sæta sömu refsingu og greinir í 1. mgr.
 - Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um þann sem býr til, skoðar eða hefur í vörslum sínum myndefni sem sýnir barn 15, 16 eða 17 ára á kynferðislegan hátt ef barnið hefur veitt samþykki sitt og báðir aðilar eru á svipuðum aldri og þroskastigi. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki heldur um barn 15, 16 eða 17 ára sem miðlar efni sem sýnir það sjálft.
- Hvaða afleiðingar getur það haft að dreifa nektarmyndum af öðrum?
 - Bæði lagalega séð en líka fyrir þolendur og líðan þeirra
- Hvers vegna finna margir þolendur í grooming fyrir sektarkennd og skömm þótt þau séu ekki sek um neitt?
- Hvernig getum við unnið gegn þeirri hugsun að maður hafi verið „heimskur“ að láta plata sig?
- Af hverju er það aldrei barninu eða ungmenninu að kenna þegar svona gerist?
- Hvernig getum við skapað menningu þar sem það er í lagi að biðja um hjálp?